Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

Ert þú áskrifandi að viku-blaði verkafólks?

33. tölublað. Þriðjudagurinn 27. september 6. árgangur. Verð kr. 60.

BSRB: Tökum þátt í atkvæðagreiðslunni

Fellum sáttatillöguna

Um 13 þúsund opinberir starfsmenn eiga að greiða atkvæði um kjaratillögu sáttanefndar sunnudaginn 2. október og mánudaginn 3. október.n.k. 46 kjörstaðir verða víðs vegar um landið og verða þeir opnir milli kl: 14 og 21 báða dagana. Tillaga sáttanefndar felur í sér aðeins 7,5% kauphækkun opinberum starfsmönnum til handa. Ýmis önnur atriði hennar eru á þann veg, að hún gengur þvert á þær kröfur, sem BSRB hefur sett fram. Þessa tillögu verður því að fella - og það munu opinberir starfsmenn vissulega ger: með því að fjölmenna á kjörstað 2. og 3. október og greiða atkvæði gegn tillögunni .

Sáttanefndartillagan hafnar algjörlega kröfu BSRB um stórbætt launakjör opinberum starfsmönnum til handa. Til að breiða yfir þá staðreynd og jafnframt til að fá annað launafólk í landinu til að snúast gegn kröfum BSRB hefur ríkisvaldið dregið inn í myndina launagreiðslur sem samið var um í síðustu kjarasamningum og þegar hafa komið til útborgunar, (s.s vísitölubætur og síðustu áfangahækkunina sem kom til útborgunar 1. júlí s.l.). Þessar greiðslur tínir ríkisvaldið til í þeirri viðleitni sinni að sýna fram á hversu mikill kostnaðarauki það yrði fyrir ríkið að hækka laun opinberra starfsmanna - og þá er heldur ekki gleymt að leggja á það þunga áherslu að þessi kostnaður verði greiddur af skattfé almennings.

Þegar ofangreindar falsanir hafa verið dregnar frá kemur hins vegar í ljós að í sáttatillögunni felst einungis 7,5% hækkun á júlíkaup. Fulltrúar ríkisvalds ins hafa einnig fullyrt, að útgjaldaaukning ríkisins vegna sáttatillögunnar yrðu 7,5 milljarðar á einu ári ef hún kæmi til framkvæmda. Sannleikurinn er hins vegar sá, að bein útgjöld ríkisins vegna launahækkunarinnar yrðu aðeins um 2,8 milljarðar og þar af hirðir ríkið strax rúman milljarð í beina og óbeina skatta.

Tilraunir til slíkra falsana og blekkinga, sem ríkisvaldið hefur nú reynt mega ekki verða til þess að draga úr samstöðu félaga BSRB. Þvert á móti verður að nýta afhjúpun þessarra falsanna til að styrkja enn samstöðuna og fá fólk til að fella sérhverja þá tillögu sem ekki felur í sér raunhæfar kjarabætur.

Rétting launastigans.

Önnur mikilvæg krafa sem BSRB hefur sett fram og tillaga sáttanefndar gengur í berhögg við er rétting launastigans. Í undanförnum samningum hafa þeir launaflokkar sem stærsti hluti launþega er í hækkað mun minna en efstu flokkarnir - en þá flokka prýða stjórar, fulltrúar og þingmenn. Krafan um að jafnt bil sé á milli allra launaflokka og að launamismunur verði minnkaður er mikilvæg krafa sem standa verður á. Afleiðing þess að ríkisvaldið tregðast enn við að verða við þessarri kröfu hefur orðið sú, að nú greiðir ríkið mönnum utan BSRB allt að 30-40% hærri laun en félögum BSRB fyrir sömu vinnu. Vélstjórar hjá Landsvirkjun fá til dæmis, (skv. Huga - fréttabréfi BSRB) mun hærri laun en vélstjórar hjá ríkinu og Reykjavíkurborg, þó svo að Landsvirkjun sé í eign þessara sömu aðila.

Verðtrygging launanna.

Sú loðna yfirlýsing í tillögunni að opinberir starfsmenn skuli ekki búa við verri vísitöluákvæði en tíðkast á hinum almenna vinnumarkaði fullnægir engan veginn kröfum okkar. Það er skýlaus krafa að öll atriði varðandi verðtryggingu launa séu samningsbundin og að hvert vísitölutímabil sé einungis einn mánuður.

Endurskoðunarréttur.

Það atriði eitt í sáttatillögunni að samningurinn sé algjör

Framhald á baksíðu



Samninganefndin hafnaði sáttatillögunni, nú er komið að félögum BSRB að gera slíkt hið sama

Viðtal Stéttabaráttunnar fyrri hluti

„Íslendingar eru þjóð hugrekkis, iðni og þekkingar"

Laugardaginn 24. september hélt héðan átta manna sendinefnd frá Vináttusamtökum kínversku þjóðarinnar við erlend ríki. Stéttabaráttan átti þess kost að ræða við formann nefndarinnar frú Ting Sjö-sung vara forseta Vináttustofnunarinnar og fulltrúa á fjórða þinginu og Ló Tsú-wen, formann Shanghædeildar Vináttusamtakanna. Hér á eftir fer ~~fyrri hluti~~ á samantekt þessa viðtals:

Fyrst spurðum við frú Sjö-sung hvort ferðinni væri heitið til fleiri landa en Íslands.

Sjö-sung: " Við völdum Ísland sem okkar fyrsta viðkomustað á tveggja mánaða ferðalagi okkar til allra Norðurlandanna. Við komum hingað í boði Kínversk-íslenska menningarfélagsins og var forkunnarvel tekið alls staðar sem við komum. Okkur var mikill heiður sýndur af hálfu forseta Íslands

Framhald á bls. 3



Kínverska listafólkið: Reibiya Mohammet, Li Ming Chiang og Liu Teh-Hai

Landbúnaðarframleiðslan

Mikil öfugþróun hefur átt sér stað undanfarin ár hvað varðar gæði íslensku landbúnaðarframleiðslunnar. Allt kapp er lagt á að hafa sauðfé sem feitast fyrir slátrun, og er því gjarnan beitt á grænfóður nokkrar vikur fyrir slátrun. Þetta hefur þær afleiðingar að þykkt spiklag myndast utan á kjötinu, í stað þess að fitutaumarnir ættu að vera inn í kjötinu. Þyngdin verður meiri og að sama skapi þeir aurar sem bændur og kaupmenn fá í sinn vasa. Þetta eru að sjálfsögðu svik við neytendur því fitan bráðnar af kjötinu við steikingu.

Sauðfjárstofninn íslenski var talinn harðger hér áður, en nú er svo komið að ullin er léleg, og lambadauði mikill. Eftir stríð var íslenska ullin í háu verði enda flutt út til Þýskalands til blöndunnar við aðra og lélegri ull. Í dag er ekki hægt að vinna almennilegar prjónavörur úr íslensku ullinni einni saman enda er flutt inn ull frá Ástralíu til að blanda við þá íslensku. Það borgar sig tæplega fyrir bændur að rýja á vorin, verðið er svo lágt en vinnan mikil. Það má því segja að rúningur fari fram af mannúðarástæðum því ekki er hagnaði bóndans til að dreifa.. Það eru að sjálfsögðu þeir sem kaupa afurðirnar af bændum sem ráða 'þróun þessara mála auk þeirra stórbænda sem sterkastir eru í framleiðslunni. Þessi landbúnaðarstefna að hafa dilkanna sem þyngsta hefur haft þær afleiðingar að nú þurfa um 80 % sauðfjárinns að bera inni við en áður voru það aðeins um 20 %. Stofninn er ekki eins harðger enda er lambadauði miklu meiri nú en áður. Ef áframhaldandi þróun helst má reikna með því að bændur þurfi að reisa dyraspítala þar sem sauðféð mun bera í framtíðinni. Landbúnaðurinn er byggður upp með skammtíma gróðahagsmuni að leiðarljósi, í stað þess að rækta upp verðmætar afurðir sem seljast á háu verði á erlendum mörkuðum. Lambakjötið selst ódýrt á erlendum mörkuðum enda er það stórlega niðurgreitt með skattfé almennings. Á sama tíma er lambakjötið sett á rokverði til okkar enda var það að hækka um 30 % nú nýlega.

Bændur fá að sjálfsögðu minnstan hlut af þessari hækkun. Sú yfirlýsing ASÍ að neysla á landbúnaðarvörum muni minnka er fáranleg, því að á sama tíma eru allflestar matvörur að hækka í verði og fólk neyðist því til að kaupa þessar vörur á hærra verði eða svelta ella. ASÍ vill viðhalda sundrungu á milli bænda og verkamanna í stað þess að líta á það sem skylt er með þessari alþýðu eins og lág laun og vinnuþrældómur. Það eru auðmennirnir sem ráða landbúnaðarstefnunni; en ekki bóndinn sem er ofurseldur einokunnaraðstöðu þeirra Auðvaldið á sök á þeim fábjánahætti sem er ríkjandi í þessum málum ef ekki algjöru heimsku.

Sjá baksíðu.

Mætum öll á Þing herstöðvaandstæðinga 15. og 16. okt.

LEIÐARI

Verkfall BSRB

Allar líkur benda nú til þess að BSRB fari í verkfall 11. október. Sáttatillögunni í kjaradeilu BSRB við ríkið hefur nú verið hafnað af stjórn og samninga nefnd BSRB. Ef henni verður líka hafnað í allsherjar atkvæðagreiðslunni, sem verður 2. og 3. október n.k. Þá eru allar líkur fyrir því að um 12000 manns fari í verkfall. Margt gæti þó orðið til að draga verkfallið á langinn eins og til dæmis nýtt sáttatilboð, en enn ber svo mikið á milli að samkomulag án verkfalls kemur vart til greina. Það sem samning anefnd BSRB hefur lagt höfuð áherslu á er að þeir sem eru í lægstu launaflokkunum fái mesta hækkun og eins að fjölmennustu hóparnir, sem eru um miðbik launastigans, fái leiðréttingu í samræmi við aðra starfshópa í þjóðfélaginu. BSRB hefur gert samanburð á sínum launum og lanum annara samanburð á sínum launum og launum starfsmanna við ríkisverksmiðjurnar, iðnaðarmanna o.fl. Samanburður þessi hefur leitt í ljós að launin þurfa að hækka um 15-20%, en tilboð ríkisins tekur ekkert mið af þessu og leggur jafnvel til að lægstu launin hækki alls ekki. Talsmenn ríkisins hafa nú hafið gífurlega herferð gegn BSRB og tala mikið um hve mikinn kostnaðarauka það hefði í för með sér ef launin hækkuðu. Eitt raka samninganefndar ríkisins er að hvert prósentustig kosti ríkið 230 milljónir króna. En nefndinni láðist að geta þess að verulegur hluti þessara peninga kemur aftur í gegnum hina háu skatta. Ef beinir og óbeinir skattar væru dregnir frá þessari tölu kæmi í ljós að hvert prósentustig kostaði aðeins 130 milljónir króna. Útlitið er sem sagt ekki eins slæmt og samninganefnd ríkisins vill vera láta og þá er rétt að minna á að þetta eru sönn aðferðir og beitt er gegn öllum þeim sem vilja fá hærri laun. Tölur eru notaðar til að falsa ástandið og ljúga til um möguleika á launahækkunum. Þetta eru sömu viðbrögðin og verkalýðsfélögin þekkja svo vel hjá atvinnurekendum. Á þeim vígstöðvum hefur aldrei verið hægt að ná fram viðunandi samningum án verkfalls. BSRB félagar geta því engar vonir gert sér um viðunandi samninga án verkfalls. En þetta verkfall verður að vera haldið af fullri hörku og án þess að gefnar verði undanþágur sem veikt gætu verkfallið. Það er ljóst að ef ekki verða gefnar þeim mun fleiri undanþágur mun verkfallið lama allt athafnalíf. Það sem stöðvast við verkfallið er meðal annars öll starfsemi sjónvarps og útvarps, samgöngur munu stöðvast og afgreiðsla á vörum mun leggjast niður um leið og hafnsögumenn og starfsfólk tollsins og annarra tengdra stofnana hættir störfum. Samgöngur í lofti munu einnig stöðvast það er því óhætt að segja að allt athafnalíf stöðvist meðan á þessu verkfalli stendur. Verkfallið mun leiða í ljós hversu gífurlega öflugt verkfallsvopnið er og um leið sýna opinberum starfsmönnum fram á þá lykilaðstöðu sem þeir hafa. Ef verkfallið verður vel skipulagt ætti það að bera verulegan árangur og standa stutt yfir. Það er ekki bara þrýst á frá ríkisstofnunum um að semja, atvinnurekendur munu kvarta og kveina þegar framleiðsla þeirra stöðvast eða raskast verulega. Ef árangur verkfallsins verður jákvæður mun verkalýðshreyfingunni bætast öflugur og mikilvægur bandamaður í baráttunni fyrir bættum kjörum og lífsafkomu.

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

● Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar. sími: 27810 og pósthólf 1357, 121 R. einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð. Lindargötu 15. Opið mánud.-föstud 15-18,30

● Akureyri: Jón Atli Játvarðsson. Hafnarstræti 23.

● Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsd. Reykjarvíkurvegi 24.

● Hornafjörður: Skúli Waldoff. Silfurbraut 2.

● Ísafjörður: Kristinn Karlsson. Fjarðarstræti 7.

● Neskaupstaður: Messíana Tómasdóttir. Þiljuvöllum 38.

● Snæfellsnes: Sigfús Almarsson. Hellisbraut 10 Hellissandi, og Gísli Hjaltason, pósthólf 63, Stykkishólmi.

● Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallargötu 40c, Keflavík.

● Danmörk: Magnús Þorgrímsson. Börglum Kollegiet v. 444 Börglumvej 2, 8240 Risskov.

● Svíþjóð: Kristján L. Guðlaugsson, Kämnärsvägen 3A:218. 222 46 Lund.

LEIÐRÉTTING

Í síðasta tbl. Stéttabaráttunnar sagði í greininni "Syndarleikur frystihúsaeigenda" að Meitillinn væri í Grindavík. Hið rétta er að Meitillinn er í Þorlákshöfn, eins og síðar kemur í ljós í greininni.

RAUÐUR VETTVANGUR frá lesendum

Örn Ólafsson: fyrri hluti

Um baráttuhreyfingu gegn heimsvaldastefnu

Í tilefni ritdeilu okkar MVS í Stéttabaráttunni í sumar, langar mig að setja fram helstu hugmyndir mínar um hvernig samstöðuhreyfing eigi að vera. Það segir sig sjálft að þessar hugmyndir eru víða að fengnar, hafa verið á sveimi á vinstrivæng.

Gagnrýninn stuðningur

Engum hefur dottið í hug, svo ég viti, að samstöðuhreyfing eigi að styðja öll samtök sem kalla sig þjóðfrelsishreyfingar. Mit álit er að það geti verið jákvætt að gagnrýna samtök sem við þó styðjum. Sjálfur byltingarflokkur rússneskrar alþýðu var gagnrýndur opinberlega - af Lenín. Eitt kunnast rit hans, Eitt skref áfram, tvö afturábak, var nákvæm greinargerð fyrir innri deilum flokksins og árás á andstæðinga Leníns í honum, birt opinberlega. Þetta þóttu þýskum krötum vond vinnubrögð - en hver dirfist að gagnrýna þau nú? Var það árás á rússnesk byltingaröfl að kynna viðhorf Leníns erlendis? Spillti það þróun sósíalismans þar?

Þær hreyfingar sem við þurfum að taka afstöðu til, eru að jafnaði sundurleitari en rússneski sósíaldemókrataflokkurinn var 1903. Þetta eru samfylkingar, innan þeirra eru oft miklar andstæður í stéttarlegri samsetningu, mati á aðstæðum, um markmið og leiðir. Væri nú rangt af okkur að kynna þessar andstæður? Öðru nær. Ef við vanrækjum það, gerum við í fyrsta lagi lesendur okkar, heyrendur og liðsmenn varnarlausa gegn kynningu borgaralegra fjölmiðla á þessum andstæðum. Það besta sem við getum gert þessum fjarstöddu félögum okkar og okkur sjálfum - er að útbreiða skilning á aðstæðum þeirra og viðbrögðum við þessum aðstæðum. Yfirborðslegur fréttaflutningur er einmitt það sem við þurfum að vinna gegn.

Hreyfingar eru breytilegar

Í öðru lagi: Frelsisbaráttan þróast áfram eftir ýmsum krókaleiðum, en hreyfingar, amk. forysta þeirra, staðnar stundum. Sá aðilji sem rétt var að styðja í fyrra, hann getur verið orðinn þröskuldur á vegi alþýðunnar í ár. Dæmir eru mörg, ekki síst frá nýfrjálsum ríkjum Afríku og Zimbabwe. Hvar stöndum við þá, ef við látum okkur nægja að bíta okkur í skottið á hinum og þessum samtökum? Það væri ansi hætt við því að flestir hættu að taka mark á okkur og okkar málgagni. Hvernig eigum við þá að gagnast frelsisbaráttu fjarlægra þjóða og skilningi íslendinga á henni?

Það álít ég reyndar höfuðverkefni okkar. Ef íslendingar kynnast raunverulegum aðstæðum kúgaðrar alþýðu, stefnu og starfsháttum frelsishreyfinga hennar, óttast ég ekki viðbrögðin. Íslensk alþýða á raunverulega samstöðu með alþýðu heimsins, það er hlutverk okkar að sýna fram á það, ekki bara að fullyrða það.

Þessar andstæður innan frelsishreyfingar brjótast stundum fram í skipulagslegum klofningi. Þær geta orðið ósættanlegar, mismunandi "þjóðfrelsisfylkingar" sama lands, berjast innbyrðis. Það er ekkert sáluhjálparatriði fyrir okkur að vera alltaf klár á aðstæðum og tilbúin með greiningu, við þurfum ekki endilega að taka strax afstöðu með einni hreyfingu og á móti annari, með sáttum eða á móti. Sænsku Afríkuhóparnir taka t. d. ekki afstöðu með neinni sérstakri hreyfingu í Zimbabwe, þeirra kjörorð er bara: Styðjið þjóðfrelsisbaráttuna í Zimbabwe.

koma fram. Það væri nú fáránlegt að láta það binda okkur, við eigum ekki að taka neitt tillit til aðilja s.s. ríkisstjórna Sýrlands, Egyptalands og Sovétríkjanna.

Ég hefi nú í tvö ár verið að benda mönnum á dæmi þess hvernig fylgja má þessari stefnu. Það er sænska tímaritið Kommentar (fæst í MM og bóksölu stúdenta). Gott íslenskt dæmi finnst mér vera grein Gísla Pálssonar um Zimbabwe í Samstöðu 2. Hún er vissulega stutt og margt hefur komið fram síðar í þessu flókna og lítt þekkta máli. En hann gerir grein fyrir mun hinna stríðandi þjóðfrelsisfylkinga, - tekur afstöðu, eftir



Kúbanskir hermenn á Sovétskum skriðdrekum við „hjálparstarf" sitt í Angóla. (Mynd frá ritstjórn)

Hlutverk okkar

Hér á landi er algert forræði borgaralegra fjölmiðla í m.a. kynningu á þessum málum. Það er því tvímælalaus skylda okkar að kynna sjónarmið þessara hreyfinga eins og þær setja þau fram. En það nægir ekki. Daglega dynja á okkur sundurlausir og þar af leiðandi óskiljanlegir fréttamolar. Við eigum að reyna að vekja fólki skilning á heimsmálunum með því m.a. að vinna upp yfirlit um ástand og horfur í einstökum heimshlutum. Þetta verður einstaklingsbundið mat og umdeilanlegt, hlýtur að geta þróast áfram. En við vinnum frelsisbaráttu alþýðu heimsins miklu meira gagn með svona starfi heldur en með því að bara prenta stefnuskrár hreyfinga og hvatningar um að styðja þær - hver myndi endast til að lesa svoleiðis? Við getum heldur ekki látið nægja að prenta upp áróður erlendra hreyfinga, við verðum að vinna úr þeim fyrir íslenska lesendur Ekkert er hægt að skrifa nema með tiltekna lesendur í huga.

Eitt enn. Eins og Þröstur Haralds benti á á þingi VNÍ/Bgh, hefur t.d. stjórn PLO svipaða stöðu og ríkisstjórn, hún er fulltrúi allrar palestínsku þjóðarinnar. Hún getur því verið bundin af alls kyns diplómatískum atriðum, sem tálma henni að segja ýmislegt, sem hún þó vildi láta

að hann hefur fært rök fyrir henni, hófsamlega, gífuryrðalaust. En svona afstaða getur verið umdeilanleg, ég skil ákvæði 10. greinar laga Bgh þannig, að menn skuli fá að andmæla afstöðu G.P. í Samstöðu, geti þeir leitt rök gegn henni. Hófsamlegar, rökstuddar ritdeilur geta einmitt verið hin besta leið til fróðleiks eða er marxistum úr minni liðið að öll frægustu rit marxismans eru deilurit? Hvað segir ekki Maó: "Bók verður ekki fjörleg nema eitthvað sé til að gagnrýna við samningu hennar" (Mao: Das machen wir anders als Moskau, bls. 80, Gagnrýni frá 1960 á sovéska hagfræði. Rororo aktuell 1940, Hamburg 1975). "Gagnrýninn stuðningur" af því tagi sem e.ó. veitti MPLA í Neista 1976 (1. og 4. tbl.) finnst mér hins vegar ekki boðlegur Samstöðu. Í miðju Angólastríðinu var ráðist á MPLA fyrir að hefta starfsemi og handtaka jafnvel þá sem hún kallaði vinstri öfgamenn, forysta hennar vænd um smáborgarahátt og væntanlega tilhliðrunarsemi við alþjóðlega auðhringa, án þess að nokkuð væri farið í saumana á því hvort MPLA gæti haft frambærilegar ástæður fyrir að hefta þvílíka starfsemi. e.ó. finnst það kannski rangt undir öllum kringumstæðum. Var þá rangt af Trotsky að berja niður uppreisnina í Kronstadt 1921?

Kínverskt listafólk heimsækir Ísland

Þrír kínverskir listamenn dvöldust hér á landi fyrir skemmstu og héldu tónleika í hátíðarsal Menntaskólans við Hamrahlíð 21. sept. s.l. Listamennirnir komu hingað á vegum kínversk-íslenska menningarfélagsins, en þeir eru: Reibiya Mohammet, sópransöngkona, Li Ming-chiang, píanóleikari og Liu Teh-hai, pípaleikari. (Pípa er ævagamalt kínverskt fjögurra strengja hljóðfæri sem fyrst kom fram um 300 f.Kr.).

Það er út af fyrir sig merkur viðburður þegar hingað koma listamenn alla leið frá Alþýðulýðveldinu Kína. Hér voru þó engir aukvisar á ferðinni, því listafólkið er í fremstu röð á sínu sviði í heimalandinu og þó víðar væri leitað. Li Ming-chiang hefur t.a.m. hlotið þrenn alþjóðaverðlaun fyrir túlkun sína.

Sú dagskrá sem kínversku listamennirnir fluttu í hátíðarsal MH var bæði vönduð og fjölbreytt. Auk eldri og nýrri kínverskra tónverka fluttu þau verk eftir Edvard Grieg og tvö íslensk lög: Fuglinn í fjörunni og Í Hlíðarendakoti.

Kínverjum hefur tekist snilldarlega að samræma gömul form hinna ýmsu listagreina byltingarsinnuðu innihaldi listarinnar, þannig að í dag stendur kínverskt listalíf fyllilega í þjónustu alþýðunnar. Þetta kom greinilega í ljós á fyrrnefndum tónleikum. Flest verkanna fjölluðu um baráttu og hugprýði kínverskrar alþýðu undir forystu Kommúnistaflokksins og Maós formanns.

Hér er ekki ætlunin að leggja neinn sérstakan dóm á hæfni listamannanna; þau eiga öll lof skilið fyrir frábæra túlkun sína. Þó vakti píanóleikur Li Ming-chiang hvað mesta athygli. Hér var á ferðinni ekki einasta mikill hæfileikamaður á sínu sviði, hann lagði bókstaflega allar tilfinningar sínar, alla orku sína, í flutninginn. Minnisstæðastur var flutningur hans á Söngnum um hinn mikla veg og Baráttunni við hvirfilbylinn. Hið fyrrnefnda fjallar um "... hugrekki kínversku þjóðarinnar sem hefur ákveðið að feta braut byltingarinnar og kollvarpa því gamla til að byggja upp nýtt Kína undir forystu Kommúnistaflokksins," svo vitnað sé í efnisskrá. Síðarnefnda tónverkið varð til, þegar höfundur þess, Wang Chang-huan, tók þátt í uppbyggingarstarfinu á Hainan-eyju eftir að hvirfilbylur olli þar miklu tjóni fyrir nokkrum árum, en Wang hreifst svo mjög af hugrekki íbúanna, að hann ákvað að koma tilfinningum sínum fyrir í þessu verki. Fyrst er fjallað um baráttuglatt fólk að starfi, en síðan skellur stormurinn á. Um síðir lægir og helliregn steypist yfir eyjuna.

Þegar birtir á ný hefst uppbyggingin undir merkjum hugsunar Maó Tse-tungs. Það var bókstaflega hægt að skynja þessa atburðarás í gegnum verkið.

Dagskránni lauk með nýlegu verki, þar sem fjallað er um uppgjörið við andflokksklíku fjórmenninganna undir leiðsögn hins nýja formanns Kommúnistaflokks Kína, Hua Kuo-fengs.

Að tónleikunum loknu var kínversku listamönnunum klappað innilega lof í lófa og færðir blómvendir, og þurftu þeir að leika mörg aukalög.

Það er óhætt að fullyrða að koma þessa listafólks til Íslands er ekki aðeins einstæður listaviðburður heldur hefur líka vafalaust orðið til að styrkja vináttutengsl kínversku og íslensku þjóðanna.

Dufþakur.

Af fjölmiðlum

Þegar þú hallar þér aftur í sjónvarpsstólnum þínum og lítur á dagsskrá kvöldsins, muntu sjá að erlent aðkeypt efni er yfirgnæfandi. En ekki er nóg með það, mikill meirihluti þess efnis er annaðhvort bandarískt, breskt, eða annars staðar frá, af menningarsvæði Evrópu. Það er því ekki nema von að listunnendur sperri upp eyrun, þegar hingað til lands koma í vináttuheimsókn, listamenn frá gjörólíku menningarsvæði, þar sem Asía er. Hér er átt við hina þrjá kínversku listamenn, pípaleikarann(lúta), píanóleikarann og sópransöngkonuna. Og þar sem þú hefur nú komið þér vel fyrir í stólnum, er ekki óeðlilegt að slíkar fréttir veki hjá þér þá spurningu, hvort sjónvarpið okkar hafi ekki örugglega af alkunnri "fagurlistatilfinningu" og "menningarvíðsýni" sinni tekið upp þátt með ferðalöngunum? Til að svala forvitni fjölmargra um þetta, leitaði Stéttabaráttan sér svars hjá forráðamönnum Kínversk-íslenska menningarfélagsins, sem bauð listafólkinu hingað til lands. Þá kom í ljós að forráðamenn sjónvarpsins neituðu boði KÍM um að taka upp þátt með listafólkinu. Ástæðan var að upptökumenn sjonvarpsins voru önnum kafnir við að æfa sig í að taka upp í lit. En nu viljum við spyrja: Var þáttur með listafólkinu ekki tilvalið æfingarefni og síðan hvenær varð sjonverpið svo fjáð að það gæti kastað frá sér tækifærum sem þessu? Eða er aðeins pláss fyrir "kók-og-tiggjó-menningu" í sjónvarpi?

„Íslendingar eru þjóð hugrekkis, iðni og þekkingar"

Framhald af forsíðu

hr. Kristjáns Eldjárn með boði hans að Bessastöðum. Einnig þökkum við góðar viðtökur af hendi Ólafs Jóhannessonar, sem fer nú með utanríkismál í fjarveru Einars Ágústssonar. Ennfremur þökkum við borgarstjóranum Birgi Ísleifi og borgarráði viðtökurnar.

Við höfum einnig átt gagnlegar viðræður við marga aðra vini. Við heimsóttum Þjóðleikhúsið og hittum marga ykkar fremstu listamanna í mörgum listgreinum. Eftir þessa heimsókn getum við sagt að við þekkjum Ísland betur. Við viljum nýta þetta tækifæri til að færa kærar þakkir til ríkisstjórnar Íslands til Kím og allra annarra góðra vina. Við færum einnig kærar kveðjur frá kínversku þjóðinni til íslensku þjóðarinnar. Við erum þakklát fyrir að mega læra af þjóð ykkar, sem eins og okkar er stolt af sögu sinni. Íslendingar eru þjóð hugrekkis, iðni og þekkingar. Hugrekki ykkar kynnumst við í baráttu ykkar við náttúruöflin. Það sýnir sig einnig í landhelgisdeilunni og baráttunni við yfirgang risaveldanna fyrir sjálfstæði. Þessi þrjóska og þor, sem þjóð ykkar hefur sýnt er þess virði að læra af. Við viljum færa ykkur okkar einlægu vináttu. Frá myndun stjórnmálasambands ríkjanna, sem byggt er á hinum fimm meginatriðum i samskiptum þjóða, hafa þróast góð samskipti á sviði stjórnmála, viðskipta og menningar. Þessi utanríkisstefna Kína hefur verið undir leiðsögn Mao Tse tung. Nú eftir andlát hans er Hua góður nemandi hans og réttmætur arftaki. Formaður Hua er gott fordæmi þess, að halda í heiðri kenningar Maós. Undir leiðsögn Huas formanns munum við halda áfram að leggja áherslu á byltingarlínu Maós í utanríkismálum. Kína er sósíalískt ríki og einnig þróunarríki. Við munum halda áfram á leið alþjóðahyggju öreiganna og Kína mun aldrei verða risaveldi. Við vitum að sá tími mun koma að Kína verður þróað á öllum sviðum en við munum þrátt fyrir það aldrei sækjast eftir að verð verða risaveldi. Samkvæmt kenningum Maós munum við leggja áherslu á að hafa samskipti við ríki, stór eða smá, á jafnréttisgrundvelli. Málefni hvers ríkis verður að vera þess þess eigið úrlausnarefni. Og vandamál heimsins verða að vera útkljáð af alþýðunni sjálfri. Það er ótækt og algjörlega óleyfilegt að tvö risaveldi ráðskist með málefni heimsins.

Stb: " Nú spyrja margir hvað sé eiginlega risaveldi og hvað liggi því til grundvallar?"

Sjö-sung: " Hvað sé risaveldi? Þar þarf að hafa í huga að risaveldi er ekki byggt á því að mannfjöldi sé mikill, eða á ríkum hráefnalindum innan landamæranna. Spurningin um risaveldin er aðallega spurning um þjóðfélagsskipan og afstöðu þess til annarra ríkja. Kínverska þjóðin er andvíg öllum landvinningum og getur hvorki leyft þá né þurft á þeim að halda. Í okkar landi höfum við okkar eigin hráefnalindir að byggja á og okkar eigin mannafla til að nýta þær. Þannig að stimpill risavelda mun aldrei verða settur á Kína og Kína mun aldrei sækjast eftir slíku. Okkar pólitík er raunveruleiki og við tökum fullt tillit til smáríkja í framkvæmd. Hversvegna eru USA og USSR kölluð risaveldi? Það er vegna þess að þau í krafti kjarnorkuvopna sinna og efnahagslegra yfirburða sækjast eftir heimsyfirráðum. Og ef við lítum á USSR þá sjáum við að þegar Krúsjoff komst til valda urðu umskipti í stefnu USSR gagnvart öðrum þjóðum og kommúnistaflokkur USSR varð endurskoðunarsinnaður og ríkið sósíalheimsvaldasinnað. Og það er þetta sem skiptir máli varðandi það hvernig USSR varð risaveldi en ekki mannfjöldi eða stærð landsins. Í Kína veltum við "fjórmenningunum" úr sessi og við erum dyggir lærisveinar Maós og Chu En laí. Við vitum að það sem skiptir mestu máli er að skipta ekki um lit og fylgja vegu Maós og hugmyndum hans. Þegar við höldum byltingunni áfram ber það einnig með sér, að við leitumst ekki eftir heimsyfirráðum. Ef það samt myndi fara svo að Kína yrði einhvern tíma risaveldi, verðum við, alþýða Kína, að taka höndum saman við alþýðu heimsins í baráttunni við það.

Stb: " Nú halda erlendar fréttastofur því m.a. hátt á loft að ekki megi lengur vitna til Maós að vild í Kína. Hvað viltu segja um þessa fullyrðingu?

Sjö-sung: "Þessar fréttir eru algjör þvættingur og slúður. Það sanna í málinu er, að það var klíka "fjórmenninganna" sem rangfærði og endurskoðaði verk Maós. Það var því í baráttunni við "fjórmenningana" sem Hua formaður hélt fram að við verðum að setja fram og framfylgja öllu kerfi hugsana Maós með nákvæmni og án þess að slíta það úr samhengi. Og ég endurtek að eftir fráfall Maós er Hua formaður sá sem framfylgir kenningum hans. Til marks um það er t.d. að Minningarhöllin um Maó er risin af grunni. Einnig er 5 bindi valinna ritgerða Maós komið út og 6 bindið er á leiðinni. Ennfremur er í undirbúningi að gefa út heildarverk Maós. Það er því bara eðlilegt að "fjórmenningarnir" og þeirra fylgismenn reyni að rægja okkur fyrir þetta.

En ég vil einnig leggja áherslu á að það skiptir ekki máli hvort heimsvaldasinnar hafa skipt heiminum á milli sín. Öll þeirra ásælni eftir heimsyfirráðum er dæmd til að mistakast. Kínverjar eru ákvernir í að verja sjálfsákvörðunarrétt sinn innan 200 mílna landhelgi. Kínversk alþýða styður fyllilega baráttu íslensku þjóðarinnar fyrir 200 mílna fiskveiðilögsögu og við erum einnig þakklát fyrir stuðning íslendinga við baráttu annara þjóða".



HAGUR OKKAR HVERRA?

Ómældum áróðri er nú dreift um land allt, til að reyna að sannfæra landsmenn um, að hagur iðnrekenda og iðnverkafólks falli allveg saman. Ef litið er á boðskap þessa auglýsingaskrums, þá ber þar allt að sama brunni: Íslenskir kapítalistar hafa með dugnaði og eljusemi saumað kápur, hakkað kjöt og smíðað skip, þrátt fyrir alla vondu kallana í banka- og ráðherrastöðum, sem gera þeim allt til miska. Á meðan hefur blessað verkafólkið haft tíma til að skera út listmuni og prjóna sér sokk. Samkvæmt iðnsýningunni, er hlutur verkafólks í framleiðslunni - tómstundaiðja -, en atvinnurekandinn gerði allt hitt. Áróðurinn segir: Verkamaður og atvinnurekandi hafa sömu hagsmuna að gæta, en atvinnurekandinn á vöruna. Svo er almenningi boðið upp á sýningarferðir í fyrirtæki duglegustu iðnrekendanna.

Gefur að líta napurri sjón, en bísperrtan forstjóra leiða sýningargesti um vinnusali, þar sem gamall verkamaður útslitinn af vinnuþrældómi, stendur með litríkt merki í barminum: ÍSLENSKUR IÐNAÐUR - HAGUR OKKAR ALLRA ...?



Rauða Stjarnan Bókabúð

Rauða Stjarnan selur mikið úrval bóka og blaða frá mörgum löndum.
Rauða Stjarnan kappkostar að hafa á boðstólum allar fáanlegar íslenskar bækur er fjalla um málefni og baráttu verkalýðsins.
Enfremur: Hljómplötur, veggspjöld, sjálfblekungar

Komið - skoðið - kaupið.
Sendum í póstkröfu um land allt.

Opið föstudaga 15^{00} - 19^{00}, aðra virkadag 15^{00}-18^{30}.

Rauða Stjarnan Bókabúð
Lindargötu 15 Reykjavík
Pósthólf 1357 R.

FRÁ IÐNSÝNINGUNNI Í LAUGARDALSHÖLL.



Mynd þessi á að sýna hlut iðnverkafólks í framleiðslunni. Hver skyldi hafa smíðað aðra hluti á sýningunni?



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
33. tbl. 27. 9. 1977


STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Möðrufelli 15
R.

Sjálfstæðisflokkurinn og Sovétríkin

Geir Hallgrímsson formaður Sjálfstæðisflokksins hefur nú heimsótt Sovétríkin. Skoðanakannanir blaðanna hafa sýnt að mönnum líkar þessi heimsókn vel og vildu margir að hann hlyti sem lengsta dvöl í



Skyldi Geir styðja sjálfstæðisbaráttu Tékka ?

Síberíu. Engar myndir hafa enn birst af kossaflensi á flugvellinum, en þar ku hafa glampað fagurlega á byssustingi. Og á leiðinni til Moskvu voru borðar, er á var letrað: "Leiðin til kommúnismans". Þótti mönnum það að vonum fyndið, því þeir er þarna áttu leið um í þetta sinn eru allir svarnir andstæðingar kommúnismans. Kvöldverðarboð var haldið og skálaræður me[illegible] Rússagrýlan löngu dauð [illegible] vinsemdin blómstrar. Kosygin lýsti sínu dýrðarríki, þar sem ríkti sósíalískt lýðræði, engin kreppa, ekkert atvinnuleysi og víðtæk mannréttindi. Og Geir lýsti sinni sælusveit með sjálfstæði, lýðræði, frelsi, verkalýðshreyfingu og atvinnurekendum í sátt og samlyndi og allir fengju að keppast um hylli almennings, sem væri allsráðandi í landinu á kosningadaginn. Kosygin lýsti andúð sinni á tilraunum til að leysa hafréttarmál... "aðeins tilteknum ríkjum eða hópum í hag og án nauðsynlegs tillits til hagsmuna og lögmætra (?) réttinda annarra ríkja"... (Sovétríkjanna ?), en slíkt gæti verið uppspretta "spennu og deilna". Geir: "Við þökkum ríkisstjórn Sovétríkjanna þann skilning sem hún hefur jafnan sýnt okkur við útfærslu lögsögu okkar". Það er vel hægt að gleyma svona smámunum eins og mótmælum Sovétstjórnarinnar er íslenska fiskveiðilögsagan var færð út. Og áfram var haldið að hræsna og skála. Geir minntist árangurs Októberbyltingarinnar og hetjulegrar baráttu alþýðunnar. Þá lagði hann mikla áherslu á góða sambúð við Sovétríkin og skálaði loks fyrir velgengni Kosygins.

Fróðlegt er að bera saman skálaræðurnar í Moskvu og skrif Moggans og Vísis um mótmælaaðgerðir herstöðvaandstæðinga við sovéska sendiráðið 21. ágúst. Sjaldan hefur Sjálfstæðisflokkurinn reiðst Samtökum herstöðvaandstæðinga jafn hastarlega og þá. Hver Sjálfstæðismaðurinn af öðrum hefur vaðið fram á síðum þessarra málgagna og úthúðað herstöðvaandstæðingum fyrir tiltækið. Hver er ástæðan? Stefnt er að auknum viðskiptatengslum við Sovétríkin, því allt skal reynt til að kaupa og selja og græða pening. Er þá ekki óþægilegt að hafa mótmælaseggi með ásakanir og móðganir við viðskiptavininn? Allt má kaupa og selja, meira að segja samúðina með mannréttindabaráttu. Hver er hin raunverulega afstaða Sjálfstæðisflokksins til Sovétríkjanna ?

Landsráðstefna SHA

Samtök Herstöðvaandstæðinga hafa nú ákveðið að landsráðstefna SHA verði daganna 15-16 október í Festi Grindavík. Nokkur undirbúningur er þegar hafinn og í tilefni ráðstefnunnar verður Dagfari gefin út í nokkuð stóru upplagi. Þeir málaflokkar sem sennilega verður lögð höfuðáhersla á eru umræða um starf og stefnu samtakanna.

Á ráðstefnunni verður gerð starfsáætlun fyrir næsta starfs ár. Í lok ráðstefnunnar er síðan gert ráð fyrir að ný miðnefnd verði kosin og ályktanir samþykktar.

DAGSKRÁ :

Laugardagur 15 okt.

Kl. 14.00. Skýrsla miðnefndar og alm. umræður.
Kl. 16.00. Starf og stefna SHA.
Kl. 19.00. Máltíð.
Kl. 20.30. Skemmtun.

Sunnudagur 16. okt.

Kl. 10.00. Starfshópar.
Kl. 12.00. Máltíð.
Kl. 13.00. Almennar umræður
Kl. 16.00. Kaffi.
Kl. 17.00. Atkvæðagreiðslaog samþykkt ályktanna

Miðnefnd.

BSRB: Tökum þátt í atkvæðagreiðslunni Fellum sáttatillöguna

Framhald af forsíðu

ríkisvaldið grípi til gengislækkanna, afnáms vísitölu eða annarra kjararánstilrauna, gerir þessa tillögu algjörlega oaðgengilega fyrir okkur. Það er nógu slæmt að það skuli vera lögfest að samningstímabilið sé 2 ár. Við það má ekki bæta að ríkisvaldinu séu heimilaðar allar þær atlögur sem því þóknast að gera að kjörum opinberra starfsmanna fram í júlí 1979 án þess að við fáum neina rönd við reist.

Kjósum öll.

Það er augljóst af yfirlýsingum fjölmargra fulltrúa ríkisvaldsins og nú síðast af tillögu hinnar "hlutlausu sáttanefndar" lega bindandi til tveggja ára og ekki uppsegjanlegur þó svo að að ríkisvaldið treystir á að kosningaþátttakan nái ekki 50%. Vitað er að viss hreyfing er meðal afturhaldsins til að fá fólk til að sitja heima. Ef þátttakan nær ekki 50% er sáttatillagan um leið orðin að bindandi samningi fyrir næstu tvö árin hvernig svo sem atkvæðatölur falla.

Við þessi verkfallsréttarlög verður ekki búið við til lengdar. Verkfallsréttinn verður að rýmka og færa út til félaganna og einfaldur meirihluti á að gilda í öllum kosningum eins og tíðkast hjá félögum ASÍ.

Tilvist þessarra laga leggur hins vegar þær kvaðir á alla sanna baráttumenn innan BSRB, hvar sem þeir í flokki standa, að sameinast nú um að hvetja vinnufélaga sína til að mæta á kjörstað og láta engan sleppa. - Um hug meiri hluta opinberra starfsmanna til sáttatillögunnar þarf enginn að efast svo ef það næst 50% kjörsókn verður tillagan kolfelld.

Rvk. 24.9.77.

Stéttabaráttan


Nú er septembermánuði að ljúka, lausasalan hefur gengið vel, en nokkrir umboðssmenn úti á landi eiga enn óuppgert.

Herferðinni lýkur um næstu mánaðarmót, þess vegna verðum við að herða okkur í áskriftasöfnuninni.

Hamarinn mun sýna aukningu lausasölunnar, frá því sem nú er. Sigðin sýnir nýja áskrifendur blaðsins.

Félagar og aðrir velunnarar blaðsins skulu póstsenda nýjar áskriftir til :

Rauðu Stjörnunnar, Lindagötu 15. Rvk. Pósthólf 1357.
Einnig má hringja í síma 27810 milli klukkan 15 og 18 .



Innanmein Íslendinga

Ísland er það evrópuland sem hefur flesta sjúklinga vegna innanmeina eins og hjarta, æðakölkunar og kransæðastíflu. Við vitum að orsakir eru fyrir öllum hlutum og vil ég álíta að mataræði okkar valdi þar miklu um. Fínmalað hveiti og sykur eru mikið brúkuð enda er hollari fæða eins og gróft hveiti tollað meira en hið fínmalaða og óholla hveiti. Hægur vandi er að bæta hollustu þeirrar fæðu sem við leggjum okkur til munns með því einfaldlega að opinberir aðilar tolli óhollustuvöruna meira en þá hollu. Þá verður meira keypt og brúkað það sem ódýrara er og um leið hollara.

En hér er Þrándur í Götu þar sem heildsalaklíkan er, sem hugsar um það eitt að græða og græða meira án tillits til afleiðinganna fyrir neytendur. Heilbrigðisyfirvöldum er vel kunnugt um þessi mál, en þeir embættismenn sem þar starfa eru sofandi eins og víðast hvar annars staðar í ríkiskerfinu. Við vitum að við fáum ekki nýtt grænmeti nema nokkra sumarmánuði á ári og er þá verðið spennt upp úr öllu valdi því fólk reynir að ná í það sem hollt er. Hægur vandi væri að hafa grænmeti allan ársins hring, næg er hveraorkan til að hita upp gróðurhús. En enn er það sama gamla sagan, fáir menn einoka framleiðsluna og hagsmunir fjöldans eru bornir fyrir borð. Þetta veldur offramleiðslukreppum, því markaðstíminn er stuttur og allir reyna að selja sem mest á háu verði. Í sumar var miklu magni tómata t.d. keyrt á haugana af þessum sökum. Þetta gerist þrátt fyrir að skoðun á heilsufari 11 ára barna sýnir að fjórir af hverjum tíu eru meira eða minna vannærð í velferðarríkinu okkar. Framleiðsla sem stjórnast af gróðahagsmunum einum saman er skaðvaldurinn. Þegar öllu er á botninn hvolft. Það verður ekki fyrr en framleiðslan fer að þjóna fjöldanum í sósíalisku þjóðfélagi sem við munum leysa þessi vandamál. Það hafa þær þjóðir sem búa við sósíalisma sýnt okkur fram á þrátt fyrir að t.d. kínverjar hafi úr minni matvælum að spila, þar fá allir kviðfylli af réttri fæðu.